

Alþingi
Erindi nr. P 133/1339
komudagur 1.3.2007

Samgöngunefnd Alþingis
Margrét María Grétarsdóttir, nefndarritari
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. febrúar 2007
Tilvisun: 2007020039/90.12
HrH/BH
16.02.2007


Efni: Fyrirspurn um láglandisvegi, 15. mál, öryggi og stytting leiða.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að Vegagerðinni verði falið að vinna tillögur um að koma ýmsum mikilvægum vegum undir 200 m hæð yfir sjó, oftast með gerð jarðganga, en þverun fjarða er einnig nefnd. Þjóðvegur 1, Vestfirðir og norðausturhluti landsins er sérstaklega tilgreint.

Í greinargerð kemur m.a. fram að líklega mætti koma öllum þjóðleiðum í þessa stöðu með um það bil 100 km af jarðgöngum. Vísað er til jarðgangaáætlunar frá árinu 2000, þar sem talin voru upp 24 jarðgangaverkefni, samtals 150 - 160 km á lengd.

Undanfarið hefur staðið yfir vinna við endurskoðun samgönguáætlunar til 12 ára og nær ný áætlun yfir tímabilið 2007 - 2018. Samhlið þeirri vinnu var jarðgangaáætlun endurskoðuð fyrir sama tímabil. Vegagerðin telur því að úttekt eins og flutningsmenn leggja til eigi ekki við fyrr en við næstu endurskoðun samgönguáætlunar til 12 ára.

Virðingarfyllt


Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri.